FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSING
140. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 15. JÚNÍ 2018


# Við stefnum á hreina og klára orku

Við opnum tvær nýjar vetnisstöðvar í dag

Orkufélag framtíðarinnar

ORKAN




# Nýtum orkuna okkar betur

**Hvers vegna vetni?**
Síaukin áhersla er lögð á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa í heiminum, svo sem vind-, vatns- og sólarorku. Í kjölfarið hefur skapast gífurleg þörf fyrir geymslu þeirrar raforku sem verður til á meðan við þurfum hana ekki, t.d. þegar við sofum. Sérfræðingar hafa komist að raun um að heppilegt sé að geyma hana í formi vetnis. Vetni má síðan nota beint til þess að knýja bifreiðar og nýta þar með orku sem annars hefði getað farið til spillis. Þannig nýtum við auðlindirnar betur en ella.

**Sjálfbærni Íslands í orkumálum**
Vetni er eini orkugjafinn sem hægt er að framleiða í nægilegu magni hér á landi til þess að knýja bílaflota Íslendinga samhliða rafmagni.

Með áherslu á vetnisvæðingu bílaflotans getum við dregið úr þrýstingi á þá innviðauppbyggingu sem fylgir hugmyndum um rafbílavæðingu landsins. Samhliða nýting á vetni og rafmagni styður því við þá þróun að gera Ísland óháð jarðefnaeldsneyti til frambúðar.

Vetnisstöðvar Orkunnar eru styrktar af:

FCH Fuel Cells and Hydrogen Joint Undertaking
Hydrogen Mobility Europe

# FRÉTTABLAÐIÐ

140. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 15. JÚNÍ 2018





HM 2018 hófst í gær, múgur og margmenni fjölmenntu á Rauða torgið og í göturnar í kring til að fagna sigri Rússa í opnunarleiknum eða til að hita upp fyrir veisluna sem fram undan er. Þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði var sannkölluð karnivalstemning á götum borgarinnar og treyjur Íslands og Argentínu áberandi allt um kring. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Tugir misstu vinnuna í bið eftir svörum

**Forstjóri Odda gagnrýnir Samkeppniseftirlitið fyrir að bregðast seint við erindum vegna íþyngjandi skilyrða. Biðu í eitt og hálft ár eftir svari. Rekstri Plastprents og Kassagerðarinnar hætt í byrjun árs og 86 manns sagt upp. Mikið álag var á stofnuninni á þessum tíma.**

**VIÐSKIPTI** „Þetta er að mínu mati mjög ógegnsætt ferli,“ segir Kristján Geir Gunnarsson, framkvæmdastjóri Odda, um vinnubrögð samkeppnisyfirvalda. Í byrjun árs keypti Oddi fyrirtækið Plastprent. Samkeppniseftirlitið samþykkti kaupin með þeim fyrirvara að Oddi gengist undir sátt. Hún fól í sér ýmis skilyrði sem stjórnendur fyrirtækisins töldu vera mjög íþyngjandi.

Í lok árs 2016 sendi Oddi Samkeppniseftirlitinu bréf þar sem óskað var eftir því að fyrirtækið losnaði undan sáttinni og á það var fallist í síðasta mánuði. Í millitíðinni, eða í janúar síðastliðnum, tilkynnti Oddi að starfsemi Kassagerðarinnar og Plastprents yrði lögð niður með þeim afleiðingum að 86 manns var sagt upp.

Kristjáni Geir þykir Samkeppniseftirlitið hafa brugðist seint við. „Það er mjög erfitt að fá svör frá Samkeppniseftirlitinu. Þetta er venjulega þannig að málið sé í vinnslu. Svo var gefið út að það væri mikið álag á Samkeppniseftirlitinu vegna samruna annarra félaga. Til dæmis Haga og Olís og annarra mála í þeim dúr. En alltaf bíðum við bara,“ segir hann. Sáttin hafi verið mjög íþyngjandi fyrir fyrirtækið, þó að hún hafi ekki verið eina ástæða þess að loka þurfti verksmiðjunum í byrjun árs.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að breytingarnar á rekstri Odda sem tilkynntar voru í janúar síðastliðnum hafi verið forsendan fyrir þeirri ákvörðun að fella niður skilyrðin í sáttinni. Um leið og ósk hafi borist í árslok 2016 um að þau yrðu felld niður hafi Samkeppniseftirlitið óskað umsagna á markaðnum og keppinautar gefið sig fram sem töldu að staða Odda hefði ekki breyst með þeim hætti sem Oddi hélt fram. Þess vegna væri enn þá mikilvægt að þessi skilyrði giltu. „Þá blasti við að við þyrftum að fara í ítarlegri rannsókn sem kallaði á að við öfluðum upplýsinga um veltu og tækjum til skoðunar að nýju þær skilgreiningar á mörkuðum sem þarna eru undir,“ segir hann.

Páll Gunnar segir að ekki hafi verið mögulegt að fara beint í þá athugun. „Vegna þess að það var og er mikið álag á stofnuninni og við þurfum að setja samrunamál, það er að segja þau mál sem eru á lögbundnum frestum, fram fyrir. Síðan verða þessar breytingar á högum Odda sem leiða til þess að skilyrðin eiga ekki lengur við og þá eru þau felld úr gildi í framhaldi af því,“ segir Páll. – jhh

**1 DAGUR í HM**



HANNES ÞÓR HALLDÓRSSON

ICELANDAIR
Safnaðu öllum leikmönnunum

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Sigurður Ingi Jóhannsson fjallar um nýja byggðaáætlun. 12

**SPORT** Jón Daði Böðvarsson er einbeittur og til í slaginn. 14

**LÍFIÐ** Forsetinn horfir á leik Íslands og Argentínu á Hrafnseyri. 26

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015













## Veður




Norðanátt, víða 5-13 m/s. Minnkandi úrkoma á norðanverðu landinu þegar líður á morguninn og útlit fyrir smá skúri yfir daginn en rofar til sunnan jökla og jafnvel sums staðar sólarglennur. SJÁ SÍÐU 20



**Frá Moskvu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# HM-hjartað slær í Moskvu

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu kom til Moskvu í gær frá æfingabúðum sínum í Kabardinka við Svartahafið. Í hádeginu í dag að rússneskum tíma æfa strákarnir okkar á keppnisvellinum, Spartak Stadium, í fyrsta sinn en þar mæta þeir argentínska landsliðinu á laugardaginn. Munu Argentínumenn einnig taka eina æfingu á leikvellinum en hún hefst klukkan tíu að staðartíma.

Þjálfarar liðanna og fyrirliðar munu síðan sitja fyrir svörum á blaðamannafundi seinna um daginn. Æfðu strákarnir okkar í Kabardinka áður en flogið var til Moskvu en í samtali við fjölmiðla tóku þeir undir að það væri kominn ansi mikill fiðringur fyrir leiknum gegn Lionel Messi og félögum.

Ferðalagið gekk ekki áfallalaust fyrir sig en töskur Gunnars Gylfasonar liðsstjóra og Sigurðar Sveins Þórðarsonar, búningastjóra hjá landsliðinu, urðu eftir á flugvellinum í Moskvu með fjölmiðlatöskunum. Fylgdu þær fjölmiðlateyminu á hótel í miðborg Moskvu.

Búast má við miklu fjöri hjá íslenskum stuðningsmönnum sem streyma til Rússlands en frábær stemming var á götum Moskvu eftir opnunarleikinn í gær. Mátti þar sjá Rússa í bland við aðkomumenn sem sungu langt inn í nóttina í hinu mesta bróðerni. – **kpt**

# Gáfu Landsbjörg hópslysakerrur




**Isavia afhenti Slysavarnafélaginu Landsbjörg í dag hópslysakerrur við hátíðlega athöfn á Reykjavíkurflugvelli. Búnaðurinn í kerrunum miðast við að björgunarsveitafólk geti veitt skjól og aðhlynningu á slysstað utan alfaraleiðar á stöðum þar sem langt er í heilbrigðisþjónustu og aðrar bjargir. Kerrurnar eru sérhannaðar af félögunum tveimur og er vonast til að þær muni stórefla hópslysaviðbúnað á Íslandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Missti af fyrsta leiknum á HM

**HM** hófst í gær með leik Rússlands gegn Sádi-Arabíu, sem fór 5-0.

Fréttablaðið hafði samband við rússneska sendiráðið rétt fyrir leik til að kanna stemninguna. Sendiherra Rússlands, Anton V. Vasílíjev, þurfti að sækja fund og gafst því lítið svigrúm til að fylgjast með leiknum.



**Anton Vasiliev, sendiherra Rússlands**

„Við verðum upptekin m.a. við að aðstoða Íslendinga með landvistarleyfi. Við munum því miður ekki hafa tíma til að horfa á leikinn,“ sagði Oksana Míkhaílova, fjölmiðlafulltrúi rússneska sendiráðsins í gær. Hún var þó bjartsýn á að tækifæri gæfist til að horfa á þann næsta. – **gj**

# Kvarta undan herferð Félags garðyrkjumanna

**Innnes hefur kvartað til Neytendastofu vegna auglýsingaherferðar sem ber saman innflutt og innlent grænmeti. Framkvæmdastjóri félags garðyrkjumanna segir herferðina hafa átt að vera skemmtilega. „Ekki allir sem hafa húmor fyrir þessu.“**

**SAMKEPPNISMÁL** Innnes hefur sent inn kvörtun til Neytendastofu vegna auglýsingaherferðar Félags garðyrkjumanna þar sem borið er saman innflutt grænmeti og innlent. Telur Innnes auglýsingarnar brjóta í bága við lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Félag garðyrkjumanna hóf auglýsingaherferð sína um svipað leyti og landsmenn sátu límdir við sjónvarpstækin uppteknir af því að horfa á Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Auglýsingarnar vöktu nokkra athygli þar sem kona sést ganga í kjörbúð og taka upp innflutta agúrku. Þegar konan bar agúrkuna að eyra sínu mátti heyra sturtað niður úr klósetti. Síðar bar konan íslenska agúrku að eyra sér og heyrði þá í íslenskri náttúru.

Við þetta er Innnes ekki sátt. „Þarna er verið að bera saman innflutt og innlent grænmeti og ýjað að því að allt innflutt grænmeti sé ræktað með óheilnæmu vatni og á versta veg en mikil gæði séu á bak við það innlenda,“ segir Magnús Óli Ólafsson, forstjóri Innness. „Þegar samanburðarauglýsingar eru annars vegar verða menn að hafa rökstuðning fyrir samanburðinum. Í þessu dæmi er ekki hægt að benda á neitt.“

Innnes kaupir mikið af grænmeti frá Félagi garðyrkjumanna en flytur einnig inn grænmeti og ávexti. „Við kaupum innlenda framleiðslu af því að við vitum að hún er góð. Einnig flytjum við inn mikið magn frá framleiðendum sem við skoðum og tökum út gæðin hjá,“ segir Magnús Óli.



**Skjáskot úr umtalaðri auglýsingu Félags garðyrkjumanna. Innfluttu grænmeti var ekki gert hátt undir höfði.** SKJÁSKOT/AUGLÝSING FÉLAGS GARÐYRKJUMANNA

**Ef við megum ekki hafa húmor á þá að henda Mið-Íslandi og Ara Eldjárn í fangelsi?**

Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Félags garðyrkjumanna

Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Félags garðyrkjumanna, segir það hafa komið sér og félaginu á óvart að kvörtun hafi borist.

„Við lögðum upp með nokkra lykilþætti sem er aðgengi að hreinu vatni, nálægð við markaðinn og kolefnisfótspor matvælanna sem og vinnuréttarsjónarmið. Hér eru greidd rétt laun fyrir vinnuna,“ segir Gunnlaugur. „Við vildum hafa þetta skemmtilegt og húmor í þessu. En samkvæmt þessu hafa ekki allir húmor fyrir þessu. Erum við komin á þann stað að ekkert megi segja? Við erum ekki að skaða neinn heldur aðeins vekja umræðu um mikilvæga þætti.“

Gunnlaugur bætir við að húmor sé nú ekki refsiverður. „Ef við megum ekki hafa húmor á þá að henda Mið-Íslandi og Ara Eldjárn í fangelsi?“ **sveinn@frettabladid.is**






## Toyota skellir í lás vegna landsleiksins

Við bílakaup er mikilvægt að hvorki kaupandi né seljandi séu með hugann við annað — eins og fyrsta leik Íslendinga á HM í knattspyrnu. Þess vegna verður lokað hjá öllum söluaðilum Toyota á laugardaginn. Njótum leiksins og hittumst eftir helgi. Bílarnir verða á sínum stað. Svo er auðvitað opið í dag.

## Áfram Ísland!

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

---

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Ísgangafélag í Langjökli vill að ríkið og Borgarbyggð kosti bílastæði

**FERÐAÞJÓNUSTA** Into the Glacier sem rekur ísgöng í Langjökli vill að Vegagerðin og Borgarbyggð beri kostnað vegna gerðar bílastæðis við jökulröndina.

„Vegna aukinnar ásóknar ferðamanna að svæðinu hefur ítrekað komið upp sú staða að bílaleigubílum er ekið nánast alveg upp að jökuljaðri þar sem varhugavert getur reynst að leggja bílum vegna aurbleytu. Að auki kom það upp í fyrra að óbreyttum bílaleigubílum var ekið inn á jökulinn með tilheyrandi hættu,“ segir í bréfi Sverris Árnasonar, öryggisstjóra Into the Glacier.

Sverrir segir enn fremur að umferð jöklatrukka og ferðaþjónustujeppa um veginn auki hættu á slysum og óhöppum. ITG leggi til bílaplan utan í jökulöldunni. „Við teljum að með þessum minniháttar inngripum í náttúrulegt umhverfi á svæðinu verði komið í veg fyrir að ökutæki festist í jökulleir við jaðarinn með ófyrirsjáanlegu raski,“ segir í bréfi Sverris.

> Kom það upp í fyrra að óbreyttum bílaleigubílum var ekið inn á jökulinn með tilheyrandi hættu.
>
> Sverrir Árnason, öryggisstjóri Into the Glacier.

„Við óskum þess að Borgarbyggð sendi beiðni til Vegagerðarinnar að sinna þessu verkefni þegar tækjakostur þeirra er á svæðinu. Vegna takmarkaðra fjárframlaga til vegabóta gæti verið að einhver kostnaður falli á Borgarbyggð vegna þessa,“ skrifar öryggisstjórinn.

Byggðarráð Borgarbyggðar segir ekki forsendur til að sveitarfélagið taki þátt í kostnaði við vegagerð og lagfæringu bílastæðis „við þennan ferðamannastað frekar en svo marga aðra að óbreyttri tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna tekna af ferðaþjónustu í landinu“ eins og segir í bókun ráðsins. – **gar**

## Stærsti skjálfti frá goslokum

**JARÐHRÆRINGAR** Jarðskjálfti að stærð 4,1 varð í norðanverðri Bárðarbungu laust eftir klukkan eitt í gær. Nokkrir minni skjálftar fylgdu í kjölfarið á næsta hálftímanum og voru tveir þeirra yfir þremur stigum. Rétt eftir klukkan þrjú varð annar stór skjálfti á svipuðum slóðum. Hann var 4,9 að stærð og fylgdu honum einnig nokkrir minni eftirskjálftar. Náttúruvársérfræðingar hjá Veðurstofunni segja að þessi skjálfti sé stærsti skjálfti í Bárðarbungu frá goslokum ásamt öðrum skjálfta sömu stærðar sem varð 30. janúar í ár. Þeir segja engin merki sjáanleg um gosóróa. – **jhh**

## Icelandair-málið þingfest í júnílok

**DÓMSMÁL** Mál héraðssaksóknara gegn þremur mönnum í svokölluðu Icelandair-máli verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 28. júní. Fréttablaðið hefur ekki fengið afrit af ákæru málsins þar sem hún hefur ekki verið birt sakborningunum.

Einn ákærðu er fyrrverandi forstöðumaður leiðakerfisstjórnunar Icelandair.

Mennirnir þrír eru grunaðir um að hafa nýtt sér innherjaupplýsingar hans til að gera framvirka samninga með hlutabréf í Icelandair. Samningarnir voru gerðir fáum dögum áður en félagið sendi frá sér afkomuviðvörun.

Í hópi þremenninganna er maður sem hlaut árið tvö þúsund og sex fimmtán mánaða fangelsi fyrir rekstur spilavítis í Skeifunni. Sami maður var eitt sinn rekstrarstjóri kampavínsklúbbsins Shooters.

Að auki er félagið Fastrek, sem áður hét VIP Travel, ákært í málinu en fyrrgreindur rekstrarstjóri var eigandi þess félags til ársins 2014. Greiðslur til forvera Shooters, VIP Club, fóru í gegnum félagið VIP Travel. – **jóe**

# Flokksforystan í þröngri stöðu

**Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa ýmsar skýringar á klofningi í flokknum. Brynjar Níelsson segir vandamálið í höfuðvíginu Vestmannaeyjum að Páll Magússon hafi ekki stutt flokkinn og það dragi dilk á eftir sér.**



Forysta flokksins hefur sætt nokkurri gagnrýni fyrir sinnuleysi í Vestmannaeyjadeilunni. FRÉTTBLAÐIÐ/ANTON BRINK

**STJÓRNMÁL** „Þetta mál er auðvitað flóknara en svo að menn geti kennt einum manni um allt,“ segir Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, um hinn djúpa klofning sem myndast hefur í höfuðvígi Sjálfstæðisflokksins í Vestmannaeyjum og vantraustsyfirlýsingu fulltrúaráðs Eyjamanna á oddvita kjördæmisins, Pál Magnússon. Brynjar segir Pál alveg hafa sína kosti. „Vandamálið er bara að hann studdi ekki flokkinn í kosningunum og það er að draga mikinn dilk á eftir sér.“

Brynjar veltir bæði fyrir sér ábyrgð helstu forystumanna í Eyjum og flokksforystunnar sem hafi verið skömmuð fyrir að grípa ekki strax og með afgerandi hætti inn í þessar deilur áður en allt fór í óefni. „Það breytir því samt ekki, óháð því hvort maður er ánægður eða óánægður með Elliða, að ef þú ert þingmaður flokksins þá styðurðu flokkinn en ekki einhvern klofning út úr honum.“

Brynjar bendir á að flokkurinn sé bæði stór og breiður og þar séu hópar með ólíkar skoðanir og klíkur sem berjist. „Ef önnur klíkan er útilokuð þá dýpkar gjáin og verður á endanum svo djúp að enginn kemst yfir,“ segir Brynjar og leggur áherslu á að menn megi ekki safna bara jáfólki í kringum sig.

Viðmælendur blaðsins í innra starfi flokksins eru almennt þeirrar skoðunar að forystan sé í nokkuð þröngri stöðu vegna klofningsins í Vestmannaeyjum. Deilurnar hafi skilið eftir sig djúp sár í fjölskyldum í Eyjum og dæmi séu um að vinir og samherjar til margra ára ræðist ekki lengur við. Um mikið Sjálfstæðismannasamfélag er að ræða enda eitt helsta höfuðvígi flokksins á landsvísu. Fulltrúaráðið og helstu frammámenn flokksins í Eyjum vilji afdráttarlausa stuðningsyfirlýsingu frá forystunni en forystan vilji ekki styggja þá sem klufu sig út um of í von um að geta grætt sárin, sameinað flokkinn á ný og komið í veg fyrir varanlegan klofning í bænum.

Aðrir eru þó á þeirri skoðun að skýringar á klofningnum sé ekki síður að finna í þróun íslenskra stjórnmála á undanförnum árum.

„Við erum náttúrulega að sjá fullt af okkar fólki innan annarra flokka; í Viðreisn, Miðflokknum og Flokki fólksins til dæmis. Fólk sem fékk ekki þær stöður sem það vildi innan okkar flokks og þá er bara hlaupið annað,“ segir Vilhjálmur Árnason, þingmaður flokksins í Suðurkjördæmi, og bætir við: „Það er auðvitað það sem gerðist með Írisi. Hún fékk ekki það sem hún vildi og þá stofnaði hún bara eigið framboð í Eyjum. Þetta er orðið miklu algengara en áður, að þeir sem ná ekki framgangi innan flokksins hlaupi frá hugsjónum hans og stofni sérframboð eða hlaupi inn í næsta flokk.“

> Ef þú ert þingmaður flokksins þá styðurðu flokkinn en ekki einhvern klofning úr honum.
>
> Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.



Vilhjálmur bendir á lausungina í stjórnmálum eftir efnahagshrunið og segir hana hluta ástæðunnar. Í þessu andrúmslofti sé auðveldara að stofna nýja flokka og ná inn mönnum og menn hiki ekki við að fara þá leið nái þeir ekki framgangi í sínum flokki.

Sjálfur virðist Páll enn binda vonir við að sættir geti náðst í Eyjum. Í yfirlýsingu sem hann sendi Fréttablaðinu í gær segist Páll hafa séð í hvað stefndi þegar flokkurinn klofnaði í Vestmannaeyjum en 30 til 40 prósent Sjálfstæðismanna í bænum hafi fylgt hinu nýja framboði að málum. Páll hafi talið það þjóna heildarhagsmunum flokksins best að hann héldi sig til hlés í kosningabaráttunni, enda líti hann á það sem skyldu sína að laða það fólk sem klauf sig frá aftur til liðs við flokkinn. Það kann hins vegar að vera of seint fyrir Pál sem nýtur ekki lengur trúnaðar meðal Sjálfstæðismanna í Eyjum.

**adalheidur@frettabladid.is**


SUMARTILBOÐ Á
RENEGADE
LONGITUDE
ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF
TILBOÐSVERÐ
3.790.000 KR.
LISTAVERÐ 4.390.000 KR.
TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI.
Jeep

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI - ÞVERHOLTI 6 - 270 MOSFELLSBÆR- SÍMI: 534 4433
WWW.JEEP.IS - WWW.ISBAND.IS - ISBAND@ISBAND.IS - OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 - LAUGARDAGA 12-16




MADISON borð. Tekk. 100x200 cm. 199.900 kr. Nú 139.900 kr. COLLINS stóll. Svartur eða grænn stóll úr málmi. 9.900 kr. Nú 6.900 kr. Borð + 4 stólar. 239.500 kr. Nú 167.500 kr.

# 25-70% AFSLÁTTUR

# ÚTSALA

*Útsalan er í fullum gangi!*

# 25-70% AFSLÁTTUR

**SUMMER STÓLL**
**NÚ 4.900**
**SPARAÐU 5.000 KR**



Kynningarverð
**SUMMER stóll.** Staflanlegur. Grár, grænn eða blár. 9.900 kr. Nú 4.900 kr.




**50%**

**SUMMER bali** með texta. Ýmsir litir.1.795 kr. Nú 895 kr.



**LISSABON sófi.** Tveggja sæta sófi með gráu áklæði. L 182 x D 86 x H 84 cm. 129.900 kr. Nú 89.900 kr.



**70%**

**GOLDEN eða COPPER hnífapör.** Gaffall, hnífur eða skeið. 395 kr. Nú 115 kr. Teskeið. 295 kr. Nú 88 kr.

**MAJESTICK EÐA CRISS SESSA**
Verð áður: 14.995
**NÚ 7.495 KR.**
**SPARAÐU 7.500 KR.**





**DOMESTICA glös með gylltum eða silfurlituðum kanti.** Hvítvínsglas. 1.995 kr. Nú 595 kr. Kampavínsglas. 1.795 kr. Nú 535 kr. Glas. 1.995 kr. Nú 595 kr. Whiskyglas. 1.995 kr. Nú 595 kr.



**50%**

**ELICA borðstofuborð.** Hvít plata, viðarfætur. 90x160 cm. 39.900 kr. Nú 19.900 kr.



**40%**

**SINGLE borðstofuborð** með innbyggðir stækkun. Hvít plata. 80x120/217 cm. 59.900 kr. Nú 34.900 kr.



**SUMMER eldstæði.** Ø75 cm. 16.900 kr. Nú 9.900 kr.




**30%**
**AF NORDIC MATARSTELLI**



**40%**
**AF ÖLLUM PÚÐUM OG ÁBREIÐUM**



**30%**
**AF ÖLLUM MOTTUM**

*Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði



**BARI sólhlíf.** Svört. Ø200 cm. 2.900 kr. Nú 1.700 kr.

**SUMMER sólfhlíf.** Ýmsir litir. Ø300 cm. 9.900 kr. Nú 5.900 kr.

**40%**
**AF ÖLLUM SÓLHLÍFUM OG FÓTUM**




**Sólhlífafætur. 1. SUMMER.** Steypa. 3.995 kr. Nú 2.395 kr. **2. SUMMER.** Marmari. 8.995 kr. Nú 5.395 kr. **3. SUMMER.** Steypa, 25 kg. 5.900 kr. Nú 3.500 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30
17. júní - LOKAÐ

Netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM .COM/ILVAISLAND

# Ríkissaksóknari höfðar mál gegn góðgerðasamtökum Trumps

**BANDARÍKIN** Ríkissaksóknarinn í New York-ríki í Bandaríkjunum hefur höfðað mál á hendur góðgerðarsamtökum Donalds Trump, Bandaríkjaforseta. Er þess krafist að samtökin verði leyst upp.

Í málsókninni kemur fram að stjórnendur samtakanna hafi nýtt sér stöðu sína til að ýta undir eigin hagsmuni, og að þeir hafi þverbrotið lög um fjármögnun kosningabaráttu Trumps, haft ólögleg samskipti við framboð hans. Meint brot eru sögð taka til laga um skattaívilnanir góðgerðasamtaka.

Þannig hafi þau nýtt samtökin til að greiða niður skuldir fyrirtækja Trumps og gera upp golfvöll hans. Í lögum um góðagerðarsamtök er skýrt kveðið á um að fjármunir þeirra séu nýttir í góðgerðarstarf, en ekki til persónulegs ávinnings stofnenda þeirra.

Samtökin eiga einnig að hafa átt í meintum ólöglegum samskiptum við forsetaframboð Trumps með háum greiðslum til framboðsins. Trump brást strax í kjölfarið við á Twitter og vandar Demókrötum ekki kveðjurnar

„Illa þokkuðu Demókratarnir í New York gera hvað sem þeir geta til kæra mig vegna samtaka sem þénuðu 18,8 milljónir dollara og styrktu góðgerðastarf um 19,2 milljónir dollara. Ég mun ekki ganga í sátt frá málinu.“

Saksóknarinn Barbara Underwood segir að brotin séu víðtæk en farið er fram á að Trump verði bannað að vera í forsvari fyrir samtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni í New York í að minnsta kosti tíu ár.

Þá fer embættið fram á að Trump greiði fébætur upp á 2,8 milljónir dala, eða það sem nemur tæplega 300 milljónum króna, hið minnsta og að einni milljón í eigu góðgerðasamtaka Trumps verði dreift til smærri hjálparstofnana. **– tg**



**Donald Trump fagnaði 72 ára afmæli sínu í gær.** NORDICPHOTOS/GETTY




**Danir lýsa yfir stuðningi við frelsisbaráttu Tíbeta.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Bætur fyrir skert frelsi til mótmæla

**DANMÖRK** Dómsmálaráðherra Danmerkur, Søren Pind Poulsen, segir að útvíkka verði rannsóknir nefndar sem rannsaka á aðgerðir lögreglu í tengslum við komu kínverskra ráðamanna til landsins aftur til ársins 1995.

Fyrrverandi yfirmenn lögreglunnar hafa greint frá því að stefnan hafi verið koma í veg fyrir að þeir sem mótmæltu framkomu kínverskra stjórnvalda gagnvart Tíbet gætu komið skoðunum sínum á framfæri. Meðal annars var lögreglubílum lagt þannig að mótmælendur með borða og tíbeska fánann sæust ekki.

Leyniþjónustan hafði jafnframt varað við mótmælum ef fjölmiðlar fengju að vita af heimsókninni of snemma.

Dómsmálaráðherrann segir að lögreglan eigi ekki að hafa áhyggjur af slíku. Verkefni hennar sé að vernda réttindi borgaranna.

Í apríl síðastliðnum fengu átta manns 20 þúsund danskar krónur hver í bætur þar sem þeim hafði verið meinað að veifa fána. Lögreglan telur að 200 til viðbótar kunni að sækja um bætur. **– ibs**



**Iceland var oftast með hæsta verðið.**

## Verðmunur á mat mikill

**KJARAMÁL** Munur á hæsta og lægsta verði í matvöruverslunum reyndist mestur 40 prósent í verðkönnun ASÍ. Iceland var oftast með hæsta verðið, eða í 35 tilvikum af 100. Hagkaup var næstoftast með hæsta verðið eða í 21 skipti. Bónus var í 63 tilfellum af 100 með lægsta verðið. Könnunin var framkvæmd í átta stærstu verslunum landsins

Samanburður á lítilli vörukörfu með 12 vörum sýnir að spara má 3.108 krónur með því að versla í Bónus í stað Iceland. Vörukarfa þessi inniheldur vörur eins og brauð, djús, kjötbollur, Cheerios og þvottaefni en vörurnar eru 13 talsins. Niðurstöðurnar eru sláandi að mati ASÍ og þær sýna gríðarlegan verðmun á flestum vörum. **– tg**

# Stefna að útgáfu salernisskírteinis fyrir þá sem þjást af iðrabólgum

**Hagsmunasamtök einstaklinga með svæðisgarnabólgu og sáraristilbólgu hafa unnið að því undanfarið að gefa út skírteini fyrir félagsmenn sína. Skírteinið er að erlendri fyrirmynd og myndi veita aðgang að salernum hvar sem er. Embætti landlæknis segir það sjálfsögð réttindi að fólk fái að ganga örna sinna.**

**HEILBRIGÐISMÁL** CCU-samtökin, hagsmunasamtök einstaklinga með svæðisgarnabólgu (e. Crohn's) og sáraristilbólgu (colitis ulcerosa) vinna nú að útgáfu salernisskírteina fyrir fólk með sjúkdóminn. Að sögn formanns samtakanna er gerð skírteinanna lítið mál en kynningarstarf vegna þeirra sé tímafrekara. Að minnsta kosti 400 einstaklingar eru með sjúkdómana hér á landi.

Sjúkdómarnir lýsa sér með bólgum í ristli eða þörmum og er hvimleiðasta birtingarmynd hans skyndileg hvellskita. Oft er þrekkurinn blandaður blóði eða greftri sem myndast vegna bólgnanna. Önnur einkenni geta verið máttleysi, hiti og magaverkir.

Fréttablaðið sagði í gær frá reynslu manns með sáraristilbólgu af verslunarferð í Krónuna í upphafi vikunnar. Þar gerði sjúkdómurinn skyndilega vart við sig og gat útkoman aðeins orðið á einn veg eftir að starfsmaður verslunarinnar neitaði honum um notkun á salerninu.

„Þetta er alls ekki eina tilvikið sem við vitum um og við vitum örugglega ekki um öll tilvikin,“ segir Edda Svavarsdóttir, formaður CCU-samtakanna.



**Að minnsta kosti 400 einstaklingar eru með Crohn's eða sáraristilbólgu hér á landi.** NORDICPHOTOS/GETTY

Ekki er alltaf um það að ræða að einstaklingi sé neitað um aðgang að klósetti heldur getur það einnig gerst að hann hreinlega drífi ekki á almenningssalerni. Maðurinn sem Fréttablaðið ræddi við mæltist til þess að stjórnvöld gæfu út kort fyrir fólk í þessari stöðu sem myndi veita því aðgang að salernum. Í svari Embættis landlæknis við því hvort slíkt væri fyrirhugað segir að svo sé ekki.

„Ég sagði starfandi sóttvarnalækni, Haraldi Briem, frá fyrirspurninni og hann hefur aldrei heyrt um slíkt skírteini og telur það sjálfsögð réttindi fólks að fá að fara á klósett á almenningsstöðum ef það óskar þess, hvað þá í neyð, og eigi ekki að þurfa skírteini til,“ segir í svari Halldóru Viðarsdóttur, aðstoðarmanns landlæknis.

„Við höfum verið með slík kort í vinnslu í nokkurn tíma. Stundum hefur fólk ekki tíma til að standa í löngum útskýringum um sjúkdóminn og því erum við að fara af stað með þau,“ segir Edda.

Framkvæmdin er að erlendri fyrirmynd. Meira þurfi hins vegar að koma til. Funda þurfi með rekstraraðilum, kynna þeim kortið og tryggja að starfsfólk á gólfi þekki til þess. Kortið yrði til lítils ef enginn vissi fyrir hvað það stæði. Stefnt er að því að þetta verði gert eins fljótt og tími og fjárhagur leyfi.

„Það ætti að vera sjálfsagt mál að fólk fái að fara á klósettið. Það er enginn að gera sér þetta að leik,“ segir Edda.

„Manni finnst það bagalegt að fólki sé ekki hleypt á salerni í verslunum. Það hlýtur að vera ástæða fyrir því að fólk biður um þetta,“ segir Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands.

Þuríður telur mögulegt að viðmót verslunareigenda hafi breyst með auknum straumi ferðamanna til landsins. Það sé þó aðeins byggt á tilfinningu en ekki ítarlegri rannsókn.

„Ég myndi ekki vilja vera þessi tiltekni starfsmaður sem neitar manneskju um að fara á klósett. Þetta er eitthvað sem verslunareigendur ættu að huga að og upplýsa starfsfólk sitt um hvernig skuli bregðast við í aðstæðum sem þessum,“ segir Þuríður. **joli@frettabladid.is**

# Íshella Suðurskautslandsins bráðnar hratt

**LOFTSLAGSMÁL** Íshella Suðurskautslandsins bráðnar nú þrisvar sinnum hraðar heldur en hún gerði árið 2007. Þetta kemur fram í skýrslu vísindamanna sem draga upp heldur dökka mynd af stöðunni.

Þróunin á bráðnuninni frá 1992 til 2017 hefur vægast sagt verið mjög hröð.

Milli áranna 1992 til 1997 bráðnuðu 49 milljarðar tonna af íshellu Suðurskautslandsins á ári. Á árunum 2002 til 2007 var talan komin upp í 73 milljarða tonna árlega. Frá 2012 til 2017 tók bráðnunin mikinn kipp og er komin í 219 milljarða tonna árlega og yfirborð sjávar hækkar um hálfan millimetra árlega af þessum sökum.

Milli 60 og 90 prósent alls ferskvatns er frosið á Suðurskautslandinu. Til að setja það í samhengi myndi yfirborð sjávar hækka um 58 metra ef það bráðnaði allt. Allt þetta gerist þó yfir langan tíma, vísindamenn gera ráð fyrir að bráðnunin geri það að verkum að yfirborð sjávar muni hækka um 15 sentimetra fyrir árið 2100. Þessar niðurstöður vísindamannanna sýna fram á mun hraðari bráðnun heldur en fyrri rannsóknir gerðu.



**Suðurskautslandið.** NORDICPHOTOS/GETTY

„Í kringum Brooklyn kemur flóð svona einu sinni á ári en ef yfirborð sjávar hækkar um 15 cm þá mun það gerast 20 sinnum á ári, “ segir Andrew Shepherd, prófessor og einn rannsóknarhöfunda, í samtali við New York Times.

Ef þessi þróun heldur áfram er ljóst að tíminn er að verða naumur til að bregðast við loftslagsbreytingum og vísindamennirnir telja að þetta gefi borgum og bæjum sem standa lágt minni tíma til að undirbúa sig en vonast var eftir. **– tg**


66°
NORÐUR
WAITING
FOR
WORLD
CUP
SINCE
СЕВЕРНАЯ
ИСЛАНДИЯ
66north.is

# Þrautseig plága, þessi spænska spilling

Spænski Lýðflokkurinn hefur hrökklast frá völdum. Flokkurinn var dæmdur og svart bókhald hans afhjúpað. Jón Sigurður Eyjólfsson á Spáni segir frá því hvernig dómstólar og þing kenndu Lýðflokknum lexíu og spyr hvort kjósendur muni gera það sama.

Jón Sigurður Eyjólfsson
jonsigurdur@frettabladid.is

Caso Gurtel eða Gyrðismálið afhjúpaði svikamyllu Lýðflokksins sem með mútum, fjársvikum og rupli úr almannasjóðum hafði um 120 milljarða króna upp úr krafsinu. Rannsóknin hófst árið 2007 en það er fyrst nú sem flokkurinn er látinn gjalda fyrir afglöp sín. Hví er svona erfitt að uppræta spillingu sem liggur ljós fyrir? Jú, það eru mörg ljón í veginum.

**Réttarkerfið**

Þremur árum eftir að Baltasar Garzón hóf rannsóknina var hann sviptur lögmannsréttindum á Spáni fyrir að taka upp samræður sakborninga í máli sem sneri að glæpum í stjórnartíð Francos einræðisherra. Þessi hentuga útlegð Baltasars er ekki eini grunurinn um inngrip stjórnmálamanna í málið.

Til dæmis hefur forseti réttarins, Ángel Hurtado, þótt ákaflega liðlegur við sakborninga. Hann var mótfallinn því að Mariano Rajoy forsætisráðherra yrði dreginn fyrir rétt og ávítaði dómara margsinnis fyrir að ganga hart að honum í yfirheyrslu og tryggði Rajoy þannig þægilega silkihanskameðferð. Hann komst upp með að svara með markleysu þegar hann var spurður út í skilaboðin sem hann sendi Barcenas, fjárhirði flokksins, þegar búið var að taka hann fastan. Í skilaboðunum sagði Rajoy: „Við gerum allt hvað við getum,“ og stappaði í hann stálinu.

Það kom ekki á óvart að Ángel Hurtado skilaði séráliti þar sem hann sá ekkert saknæmt við störf Lýðflokksins.

**Þingið**

Þetta hefur einnig verið þrautin þyngri í þinginu. Podemos, sem er nýr vinstriflokkur, lagði fram vantrauststillögu fyrir um ári. Ekki fékkst nægilegur stuðningur við hana, reyndar var það niðurlægjandi fyrir Podemos hversu lítinn stuðning og hljómgrunn flokkurinn fékk.

Það var því ekki í vísan að róa hjá Pedro Sanchez, formanni Sósíalistaflokksins, þegar hann endurtók leikinn nú í síðasta mánuði. Áður hafði hann þurft að segja af sér sem formaður fyrir að óhlýðnast elítu Sósíalistaflokksins þegar hann harðneitaði að veita Lýðflokknum brautargengi við að mynda minnihlutastjórn. Þrátt fyrir þá niðurlægingu bauð hann sig fram á nýjan leik og vann formannsslaginn.



Mariano Rajoy, formaður Lýðflokksins og fyrrverandi forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Borgaraflokkurinn, sem er nýr hægriflokkur, veitti honum ekki stuðning við vantrauststillöguna en það gerðu hins vegar Baskar og sjálfsstæðissinnar í Katalóníu. Þykir mörgum glæfralegt að taka þeim liðsstuðningi því eitthvað munu þeir vilja fyrir sinn snúð og öll eftirlátssemi við þjóðernissinnaða Katalóníumenn er eitur í beinum flestra kjósenda.

En með þessum stuðningi tókst að fella stjórn Lýðflokksins og koma á laggirnar femínískri jafnaðarstjórn þar sem konur verma ellefu af sautján ráðherrastólum. En þetta verður ekki rósum stráður vegur. Nú strax hefur einn ráðherra sagt af sér út af gömlu skattalagabroti. Stjórnin verður líka að hafa hraðar hendur því henni er uppálagt að boða fljótlega til kosninga.

**Kjósendur**

En hvernig má það vera að Lýðflokkurinn, sem síðasta áratug hefur verið viðriðinn stórvægileg spillingarmál, hefur unnið síðustu þrennar þingkosningar? Náði hann að sannfæra kjósendur um að þarna væru á ferðinni einstök og aðskilin mál sem nokkrir svartir sauðir hafi vélað um á laun? Nei, því umfang málanna er svo mikið að það nálgast árs útgjöld spænska ríkisins til eftirlauna. Það liggur því í augum uppi að þetta var ekkert pukur heldur skipulögð starfsemi.

**Helstu atriði dómsins:**



**51 ár**
**Francisco Correa**
höfuðpaurinn í svikamyllunni



**33 ár**
**Lúís Barcenas**
fyrrverandi gjaldkeri Lýðflokksins

**Pablo Crespo** **37 ár**
oddviti Lýðflokksins í Galisíu

**Rósalía Iglesías** **15 ár**
eiginkona Barcenas

**Lýðflokkurinn**
dæmdur fyrir þátttökuna

**Ana Mato**,
fyrrverandi ráðherra og þingkona flokksins, dæmd til fjársektar.

Alls voru **29** dæmdir til samtals þriggja og hálfrar aldar fangelsisvistar.

Dómurinn er **1.700** síður í heild sinni.

Náði flokkurinn kannski að sannfæra kjósendur um að allir stjórnmálamenn væru spilltir, sama hvaða flokk þeir fylla? Hann gat jú bent á Sósíalistaflokkinn en sumir frammámenn hans hafa verið ákærðir fyrir spillingarmál.

Þar á meðal er hið ofurvaxna EREmál þar sem 150 milljarðar króna, sem áttu að fara til að mæta samdrætti og atvinnuleysi, villtust af leið. Það er reyndar enginn skortur á spilltum stjórnmálamönnum. Á vefsíðunni casos-aislados.es, sem hópurinn Del pueblo y para el pueblo heldur úti, hafa 388 spillingarmál verið til rannsóknar síðustu árin og rúmlega sex þúsund manns viðriðin þau.

En þegar umfang þeirra er mælt í peningaupphæðum er Lýðflokkurinn lang fyrirferðarmestur með yfir 90 prósent fjárins. Þar við má bæta að nýir flokkar hafa komist til valda til dæmis í Madríd og Barcelona og þrátt fyrir að leita logandi ljósi að misferli í þeirra stjórnarfari hefur Lýðflokksmönnum enn ekki tekist að finna maðk í mysu þeirra.

**Fjölmiðlar**

Hefur flokknum tekist að slá ryki í augu kjósenda með aðstoð fjölmiðla? Það er alkunna að stjórn spænska ríkissjónvarpsins leggst ávallt á sveif með ríkisstjórninni svo flokkurinn kom ávallt vel út í kvöldfréttunum. Starfsfólk hefur meira að segja mótmælt því sem það kallaði „yfirtöku“ Lýðflokksins á starfsvettvangi þeirra. Allir sjónvarpsfréttamenn hennar, nema reyndar einn, tóku sig til og mættu svartklæddir í útsendingu í apríllok til að láta í ljós vanþóknun sína.

Lýðflokkurinn hefur einnig á sínum snærum aðrar sjónvarpsstöðvar, útvarpsstöðvar og dagblöð sem tala þeirra máli. Það er kannski þess vegna sem formaður flokksins er nær aldrei spurður út í spillingarmál flokksins nema þá þegar erlendir blaðamenn gerast svo óforskammaðir.

En ekkert af þessu ætti þó að duga til að afmá spillingarmálin úr vitund kjósenda.

**Eru þjófar traustsins verðir?**

Það gæti því verið að spænski blaðamaðurinn Iker Armentia hafi rétt fyrir sér þegar hann heldur því fram að fylgjendur Lýðflokksins séu ekki illa upplýstir heldur hreinlega til í að sjá í gegnum fingur sér þegar kemur að spillingu.

Það kann að hljóma undarlega því samkvæmt könnun Félagsfræðistofnunar Spánar (CIS) er spillingin það fyrirbæri sem landsmenn hafa mestar áhyggjur af næst á eftir atvinnuleysinu.

Iker Armentia heldur því fram að aðrir þættir vegi hins vegar þyngra eins og til dæmis efnahagsstaða – efnamönnum finnst nefnilega auðveldara að ávaxta sitt pund undir stjórn Lýðflokksins – trúarsannfæring, en kirkjan er í hávegum höfð hjá flokknum, og þjóðerniskennd því fáir vilja ganga jafn hart fram gegn „sundurliðunum“ í Katalóníu.

Eftir mikil átök hafa réttarkerfið og þingið gefið þau skilaboð að svikamylla sem þessi verði ekki liðin. En þeir sem veittu Pedro Sanchez stuðning við vantrauststillöguna fara fram á kosningar fljótlega og þá kemur í ljós hvað kjósendur hafa um málið að segja.

HM tilboð Múrbúðarinnar
BESTU MÚBÚÐARVERÐIN



18.990
áður 23.990
Kaliber Black gasgrill
3x3kw brennarar (9KW). Grillflötur 41x56cm
Kaliber

20% AFSLÁTTUR

Kaliber Red gasgrill
4 brennara (12KW) + hliðarhella (2.5KW). Grillflötur 41x56cm



Grillboð 44.900
39.900

25% AFSLÁTTUR



29.990
áður 39.990
MOWER CJ18
BS 3,5hp Briggs&Stratton mótor, rúmtak 125 CC, skurðarvídd 46cm/18". Safnpoki að aftan 60 L, skurðhæð og staða 25-85mm/8

BRIGGS & STRATTON



49.990
áður 62.990
20% AFSLÁTTUR
MOWER CJ20
Sláttuvél m/drifi, BS 5,0 hp Briggs&Stratton mótor. Rúmtak 150 CC, skurðarvídd 51cm/20", sjálfknúin 3,6 km/h, safnpoki að aftan 65 L, hliðar útskilun, skurðhæð og staða 25-75mm/8

14.390
áður 17.990
20% AFSLÁTTUR
Lavor Galaxy 150 háþrýstidæla
150 bör max, 450 lítr/klst. 2100W
Made by Lavor



| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN


„Ég geng ekki lengur með þrenn gleraugu. Ég er frjáls“
Ég sé mig í speglinum og sé andlitin í kringum mig. Allur prentaður texti er Augljós í dag. Alúð, hlýja, traust, fagmennska og fáguð vinnubrögð með fullkominni eftirfylgni eru eftirsóknarverð þegar stór ákvörðun er tekin. Starfsfólk Augljóss skartar öllum þessum kostum.
Áslaug Blöndal
AUGLJÓS
LASER AUGNLÆKNINGAR
ALMENNAR AUGNLÆKNINGAR
Glæsibær, Vesturhús, 2. hæð • Álfheimar 74 • 104 Reykjavík • Sími 414 7000 • augljos@augljos.is • www.augljos.is

# Lokahnykkurinn



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Í fyrsta sinn frá því að allt fjármálakerfið hrundi fyrir tíu árum er íslenskur banki á leið á hlutabréfamarkað. Þegar Arion banki verður skráður á markað á Íslandi og í Svíþjóð í dag, föstudag, mun bankinn verða næststærsta fyrirtækið í Kauphöllinni – aðeins Marel er stærra – með markaðsvirði upp á um 135 milljarða. Skráning bankans markar upphafið að lokahnykknum í endurreisn íslensks fjármálakerfis. Eignarhald á bönkunum mun á komandi árum færast úr höndum slitabúa og ríkisins til virkra hluthafa, erlendra sem og innlendra fagfjárfesta. Það er í senn tímabært og æskilegt.

Fyrir liggur að Kaupþing og vogunarsjóðurinn Attestor Capital selja við skráninguna umtalsverðan hlut í Arion banka á genginu 0,67 fyrir hverja krónu af eigin fé. Það er lægra verð en væntingar höfðu áður verið um – meðalverð á vel reknum norrænum bönkum er til samanburðar um 1,3 með tilliti til eigin fjár – og það þýðir jafnframt að stöðugleikaframlag Kaupþings til ríkisins verður af þeim sökum minna en ella. Sú niðurstaða þarf þó ekki að koma mjög á óvart, allra síst stjórnvöldum, enda hefur sú pólitíska stefna verið mörkuð að íslenskir bankar skuli greiða margfalt hærri opinberar álögur en þekkist almennt hjá bönkum í okkar nágrannaríkjum. Afleiðing þessa birtist í óviðunandi arðsemi sem aftur skilar sér í því að fjárfestar kaupa ekki í bönkum nema þeir fái umtalsverðan afslátt. Útboð og skráning Arion banka, þar sem bjóða þurfti fjárfestum upp á afar hagstætt verð til að fá þá að borðinu, undirstrikar þennan raunveruleika.

Það er því í besta falli til marks um misskilning eða vanþekkingu þegar því er haldið fram af sumum þingmönnum að verðið sé að selja hlutabréfin á undirverði í sömu andrá og þeir hinir sömu gagnrýna ríkisstjórnina fyrir áform um að lækka bankaskattinn í skrefum 2020 til 2023. Hér fer ekki saman hljóð og mynd. Ljóst er að skatturinn, sem leggst á heildarskuldir fjármálafyrirtækja, ásamt öðrum sértækum sköttum – þeir nema samtals um 14 milljörðum á þessu ári – hefur afar neikvæð áhrif á afkomu bankanna. Arðsemi Arion í fyrra, sem var nánast á pari við ávöxtun af áhættulausum ríkisskuldabréfum, hefði þannig verið um 20 prósentum hærri ef ekki væri fyrir hina sértæku skattlagningu. Við þetta bætist að Íslendingar hafa gengið þjóða hvað lengst við innleiðingu á sérstökum eiginfjáraukum ásamt því að beita meira íþyngjandi aðferðum við útreikninga á áhættuvogum til að meta eiginfjárþörf bankanna. Niðurstaðan af þessu öllu saman er dýrasta bankakerfi í Evrópu með tilheyrandi auknum fjármögnunarkostnaði heimila og fyrirtækja og minni framleiðni.

Það er yfirlýst stefna stjórnvalda að selja hluti ríkisins í Landsbankanum og Íslandsbanka. Væntingar eru um að fyrstu skrefin verði tekin á næsta ári og þar hlýtur ætlunin að vera sú að skattgreiðendur, sem eiga þessa banka, fái sem hæst verð fyrir þær eignir. Verðlagning á Arion banka í nýafstöðnu útboði er hins vegar áminning um að það sé réttast að stilla slíkum væntingum í hóf. Ríkið getur nefnilega ekki bæði átt kökuna og borðað hana.

> Verðlagning á Arion banka í nýastöðnu útboði er áminning um að það sé réttast að stilla væntingum í hóf.

FÁNAR
LÍMMIÐAR
AUGLÝSINGASKILTI
Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.
FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi
Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141

## Halldór




## Frá degi til dags

**Afleikur í Eyjum**

**Össur Skarphéðinsson, örvum glaður fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, greinir klofning Sjálfstæðisflokksins í Vestmannaeyjum á Facebook út frá pólitískum sjálfsmörkum fallna bæjarstjórans, Elliða Vignissonar. „Í ósigri halda þeir stjórnmálamenn lífi sem sýna æðruleysi, gefast ekki upp, og láta nægja að gráta eina nótt. Svo rísa þeir upp með morgunsólinni og gera nýtt plan. Þeir sem ætla að halda áfram í stjórnmálum fara ekki í hefndarleiðangur," skrifar Össur og bendir á að aðeins ógæfa geti fylgt því að kalla yfir sig reiði Páls Magnússonar.**

**Sér grefur pólitíska gröf ...**

**„Páll er ættstór, vinmargur, og á glæsta fjölskyldusögu í Eyjum. Hann er í uppeldi sem arftaki Davíðs á ritstjórastóli, og hefur passað upp á að vera sægreifamegin í lífinu. Sægreifarnir eiga náttúrlega Moggann með skagfirska efnahagssvæðinu. Elliði gæti lent í því að hafa bæði Pálsliðið dýrvitlaust á móti sér og Moggann í öðru liði þegar kemur í næsta slag," segir Össur. „Elliði, vígamaður úr Eyjum sem féll í heimatilbúna pólitíska gröf, brýtur allar þessar reglur. Hann makar spælingunni yfir allt umhverfið, og dregur úr möguleikum á endurkomu með því að siga heimavarnarliðinu á Pál Magnússon."**

thorarinn@frettabladid.is

# Ný byggðaáætlun



Sigurður Ingi Jóhannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Alþingi samþykkti þann 11. júní síðastliðinn þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun til sjö ára. Í mínum huga er hér um tímamótaskjal að ræða sem vert er að fagna.

Áætlunin er afurð af víðtæku samráði um allt land. Ég ýtti verkefninu formlega úr vör sem byggðamálaráðherra í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í mars 2016. Drög að áætlun voru kynnt í ríkisstjórn í janúar 2017 en nauðsynlegt reyndist að þróa hana áfram og var það gert í nánu samstarfi við ýmsa aðila, m.a. Samband íslenskra sveitarfélaga. Sú góða vinna hefur nú leitt til þeirrar farsælu niðurstöðu sem byggðaáætlun 2018 til 2024 er.

Byggðaáætlun er í fyrsta skipti lögð fram með skýrum og mælanlegum markmiðum. Markmið stjórnvalda í byggðamálum eru að jafna aðgengi að þjónustu, jafna tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land. Meðal mælikvarða sem stuðst verður við eru hlutfall heimila og fyrirtækja í dreifbýli með aðgang að ljósleiðaratengingu og hlutfall íbúa sem eru í innan við 30 kílómetra fjarlægð frá heilsugæslustöð, grunnskóla og dagvöruverslun. Við sem vinnum að framkvæmd og eftirfylgni áætlunarinnar sem og aðrir hafa því skýra mælistiku fyrir því hvernig okkur miðar áfram í að þróa byggð og búsetu hér á landi á jákvæðan og sjálfbæran hátt.

Aðgerðir áætlunarinnar eru 54 og bera einstök ráðuneyti og stofnanir ábyrgð á framkvæmd þeirra. Meðal aðgerða sem unnið verður að á tímabilinu er gerð þjónustukorts sem sýni með myndrænum hætti aðgengi landsmanna að þjónustu hins opinbera og einkaaðila. Við lok verkefnis liggi fyrir gagnagrunnur sem hægt verði að nýta til frekari stefnumörkunar og mótunar aðgerðaáætlunar í byggðamálum. Þá verður með fjarheilbrigðisþjónustu leitast við að jafna aðgengi almennings að almennri og sérhæfðri heilbrigðisþjónustu, svo sem læknum, hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum, sálfræðingum og talmeinafræðingum.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg við mótun nýrrar byggðaáætlunar.

> Byggðaáætlun er í fyrsta skipti lögð fram með skýrum og mælanlegum markmiðum.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Hæ hó jibbi jei og jibbí jó jibbi jei

Í DAG

Þórlindur Kjartansson

Ég vaknaði ringlaður einn morgun í vikunni eftir að hafa dreymt furðulega. Mig dreymdi að Ísland væri að fara að keppa við Argentínu á HM í fótbolta og að Dennis Rodman væri kominn til Singapúr, í sérstöku boði rafræns kannabisgjaldmiðils, til þess að vera viðstaddur leiðtogafund Donalds Trump og Kim Jong-un. En þetta var víst enginn draumur heldur fréttayfirlit dagsins.

Það eru auðvitað deildar meiningar um það hver stjórni í þessum heimi; en það mætti halda að handritshöfundur veraldarsögunnar sé dottinn í sama pytt og höfundar seríunnar Lost á sínum tíma, þar sem söguþráðurinn varð sífellt geggjaðri og persónurnar stöðugt ótrúverðugri eftir því sem á leið.

Svo leit ég út um gluggann og sá að regndroparnir sem börðu á rúðunni voru sjónarmun frá því að kristallast í slyddukennda snjókomu. En það hlýnaði eftir því sem leið á daginn og hitastigið komst langt yfir fimm gráður áður en það byrjaði að kólna aftur. Samt eru margar húsmæður í Vesturbænum líklega farnar að sjá eftir því að hafa í maíbyrjun keyrt á Volvo jeppunum sínum út í Rauða kross til að losa skápana undan Paratroopers úlpunum. Verður þetta árið þar sem ekkert sumar kemur yfir sæinn og ekkert sólskin ljómar um bæinn?

## Sumarkvöldin fjögur

Að sjálfsögðu er sumarleysið farið að hafa áhrif á sameiginlegt geðlag þjóðarinnar. Í vikunni gengu ýmis afbrigði af sama brandaranum á miklum hraða um allt internetið: Það er spáð 18 stiga hita í Reykjavík um helgina, tíu stigum á laugardag og átta á sunnudag.

Íslendingar eru orðnir ansi hreint þreyttir á því að bíða eftir því að það rætist úr veðrinu og sumarið láti á sér kræla. Þetta er líka stærsti ókosturinn við að búa á Íslandi. Það er nefnilega óhætt að segja að við búum á mörkum hins byggilega heims—og það má jafnvel deila um hvorum megin við mörkin við erum. Langtímaspár Veðurstofunnar eru farnar að líkjast grunsamlega öðrum illkvittnum internetbrandara sem var dreift fyrir nokkrum vikum þar sem gert var ráð fyrir að í Reykjavík sæist ekki til sólar nema einn dag í júní og að hitastigið héldist kirfilega undir tveggja stafa tölum. Til hamingju Ísland.

En það er víst satt að á morgun keppir Ísland í fyrsta skipti á HM í fótbolta og á sunnudaginn er þjóðhátíðardagurinn þegar við reynum að fyllast þakklæti yfir þeirri gæfu að búa á þessum veðurbarða Norður-Atlantshafskletti með okkar eigið tungumál, menningu, ævintýragjan gjaldmiðil og séríslenska blöndu af mikilmennskubrjálæði og minnimáttarkennd. Og svo má ekki gleyma blessuðu fámenninu sem gerir jafnvel merkilegasta fólki illmögulegt að vera mjög merkilegt með sig.

## Ekki þvælast fyrir

Þegar forsetar og ráðherrar stórþjóða fara á milli staða í heimalöndum sínum er það gjarnan gert með mikilli fyrirhöfn og brambolti. Ferðalög Donalds Trump frá Washington til Flórída kosta til dæmis milljónir dollara og þegar hann þarf að nota göturnar þá skulu almennir borgara gera sig sæla með að bíða þolinmóðir eftir að brynvörð bílalestin bruni fram hjá. Og þetta gildir ekki bara um Trump, því í forsetatíð Baracks Obama eru tvö dæmi um að umferðartafir hafi verið svo miklar vegna ferðalags forsetans að konur í barnsnauð hafi orðið léttari í farþegasætum bíla sinna en ekki verið hleypt á sjúkrahús.

Þessu er nokkuð öðruvísi farið hér á landi. Þetta get ég vottað, því í þessari viku var ég á gangi meðfram fáfarinni götu í Reykjavík og sé að á móti mér kemur ung kona aðvífandi á dágóðum skokkhraða eftir miðri götunni. Hún var klædd í hefðbundinn keppnislegan hlaupagalla, með hvít heyrnartól hangandi úr eyrunum. Þótt hún hafi reyndar hlaupið nokkuð rösklega þá fannst ökumanni bílsins fyrir aftan það ekki nóg og lá á flautunni þangað til hann náði loksins athygli hlauparans. Hún leit snöggt við, vinkaði og stökk fimlega upp á gangstétt svo bíllinn gæti komist fram hjá. Bíllinn brunaði áfram sína leið, og forsætisráðherra íslensku þjóðarinnar hélt áfram síðdegisskokki sínu, fullkomlega óáreitt og í eigin heimi með hvítu heyrnartólin hangandi í eyrunum, eflaust hugsi yfir að hafa verið skömmuð fyrir að þvælast fyrir bílaumferðinni. En ökumaður bílsins hefur getað muldrað fyrir munni sér einhverja romsu um þetta unga fólk í dag.

Ef við skiptum út Katrínu Jakobsdóttur fyrir Donald Trump, þá hefði þessi atburðarás passað ágætlega inn í súrrealíska drauminn um Dennis Rodman og kannabismyntina.

## Fyrirgefum veðráttuna

Við höfum það ekki slæmt á þessu skeri. Líklega er óhætt að fullyrða að í allri veraldarsögunni séu fá dæmi um annan eins forréttindahóp og okkur.

Um allan heim er litið til Íslands með öfundar- og aðdáunaraugum, og nú um helgina munu milljónir manna halda í einlægni með hinu ótrúlega íslenska knattspyrnulandsliði, þar sem það mætir í hlutverki Davíðs gegn Golíat. Og hvernig sem það fer allt saman, þá á Ísland margfaldlega skilið að við fyrirgefum því veðráttuna.



# SPENNANDI NÝJUNG!




Grísakjöt með kartöflusalati, maís og piparrótarsósu

**2.899** kr/pk

Nautakjöt með maís, hasselback kartöflum og piparsósu

**3.099** kr/pk

Kjúklingaleggir í buffalósósu með hrásalati og gráðostasósu

**2.299** kr/pk

Lambakjöt með grænmeti, hasselback kartöflum og hvítlaukssósu

**2.899** kr/pk

## Grillpakki máltíð fyrir 2

4 spennandi tegundir
Einfalt, þægilegt og gott

Tilboð gilda út 17. júní




**30%** afsláttur

**HM TILBOÐ**

### Grandiosa pizzur

Hakk & laukur, pepperóní og skinka & paprika

**475** kr/pk
Verð áður 679




### Marzetti salatdressingar

Margar tegundir

**799** kr/stk




### 17. júní blöðrur

Margar tegundir

verð frá **1.299** kr/stk




### Nóa súkkulaði kringlur

Súkkulaði húðaðar saltkringlur

**449** kr/pk




### Llanllyr Source

Ginger Beer, Fiery Ginger Beer og Tonic

**199** kr/stk

**40%** afsláttur




### Jensens pulled pork

Búðu til bestu grísasamlokuna 800 g

**1.319** kr/pk
Verð áður 2.199

# Meira svona alla daga




20% afsláttur

**Sósur sem gera góðan borgara betri**

349 kr/stk

## Smash Style

**EXTRA STÓRIR**

**Rufus Teague Rub**

799 kr/stk

| 2 x 100 g | 2 x 120 g | 2 x 140 g | 2 x 250 g |
|---|---|---|---|
| 479 kr/pk | 559 kr/pk | 639 kr/pk | 1.039 kr/pk |
| Verð áður 599 | Verð áður 699 | Verð áður 799 | Verð áður 1.299 |




25% afsláttur

**Nautasteik með trufflum og pipar**

2.849 kr/kg
Verð áður 3.799 kr/kg



20% afsláttur

**Reyktar BBQ grísakótilettur**

1.999 kr/kg
Verð áður 2.499 kr/kg




20% afsláttur

**Kjúklingaskankar BBQ og Argentínu**

1.279 kr/kg
Verð áður 1.599 kr/kg

**HAGKAUP** Meira svona alla daga

# SPORT


Jón Daði Böðvarsson er einbeittur og klár í slaginn. Ísland mætir firnasterku liði Argentínu í Moskvu á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Strákarnir sýna mér traust

Jón Daði Böðvarsson kveðst einbeittur og klár í slaginn gegn Argentínu á laugardaginn. Tæp tvö ár eru síðan hann skoraði fyrir landsliðið en hann lætur það ekki á sig fá og heldur ótrauður áfram.

**FÓTBOLTI** „Fyrstu dagarnir hérna í Rússlandi hafa verið fínir og það eru allir einbeittir fyrir verkefnið sem fram undan er. Allar aðstæður eru til fyrirmyndar og stemningin í hópnum góð,“ sagði Jón Daði Böðvarsson fyrir æfingu íslenska landsliðsins í Kabardinka í gær. Þetta var síðasta æfing liðsins áður en það flaug til Moskvu síðdegis.

Á morgun er komið að stóru stundinni, leiknum gegn Lionel Messi og félögum í argentínska landsliðinu. Jón Daði vonast að sjálfsögðu til að vera í byrjunarliðinu í þessum fyrsta leik Íslands á HM frá upphafi.

„Ég vona það en þetta kemur bara í ljós. Maður gerir sig alltaf kláran eins og maður sé að fara að byrja.“

> Maður gerir sig alltaf kláran eins og maður sé að fara að byrja.
>
> Jón Daði Böðvarsson

Selfyssingurinn skoraði síðast fyrir landsliðið í 2-1 sigrinum fræga á Austurríki á EM 2016. Síðan eru liðin tvö ár. Og raunar eru mörk Jóns Daða fyrir landsliðið aðeins tvö.

„Ég er ekkert að stressa mig yfir þessu. Tölfræðin mín er ekkert rosaleg sem framherji en maður þarf bara að hlæja að því. Ég reyni að bæta úr því og halda áfram að vinna vel fyrir liðið,“ sagði Jón Daði sem leggst rólegur á koddann þótt mörkin láti bíða eftir sér.

„Það er mikilvægt að horfa á aðrar hliðar í leiknum þínum líka. Ég stressa mig ekki yfir þessu og strákarnir sýna mér traust. Við þurfum að verjast meira en aðrir og þekkja okkar takmörk. Maður einblínir á þau gildi sem leikmaður og hvernig þetta virkar hjá landsliðinu. Það er öðruvísi en hjá félagsliðinu,“ sagði Jón Daði að lokum.

ingvithor@frettabladid.is

### Stephen King í miklu uppáhaldi



„Mér finnst sögurnar hans, sérstaklega þær gömlu, svakalega skemmtilegar. Það er smá sci-fi og hrollvekjuaðdáandi í mér,“ sagði Jón Daði. Hann nefnir Salem's Lot sem sína uppáhaldsbók eftir King.

Engin bók eftir Kónginn fór þó með í ferðatösku Jóns Daða til Rússlands. „Ég er ekki með Stephen King bók með mér núna. Ég er búinn að lesa frekar margar af þeim en þarf að rifja þær upp aftur.“

# Guðmundur Þórður á leið á sitt 22. stórmót

**HANDBOLTI** Sigur Íslands á Litháen, 34-31, í seinni leik liðanna um sæti á HM 2019 þýðir að landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson er á leið á sitt 22. stórmót á ferlinum í janúar á næsta ári.

Fyrsta stórmótið sem Guðmundur fór á var B-keppnin í Hollandi 1983 en þá var hann 22 ára gamall leikmaður Íslandsmeistara Víkings. Guðmundur fór á fimm stórmót til viðbótar sem leikmaður íslenska landsliðsins og var m.a. í liðinu sem vann B-keppnina í Frakklandi 1989.

Guðmundur tók við íslenska landsliðinu 2001 og ári seinna stýrði hann því til 4. sætis á EM í Svíþjóð. Guðmundur stýrði Íslandi á þremur stórmótum til viðbótar áður en hann hætti eftir Ólympíuleikana í Aþenu 2004.

Guðmundur fór á HM 2007 sem aðstoðarþjálfari Alfreðs Gíslasonar. Hann tók svo nokkuð óvænt við íslenska liðinu á ný vorið 2008. Þá hófst mesta blómaskeið í sögu þess. Ísland vann til silfurverðlauna á Ólympíuleikunum í Peking 2008 og bronsverðlauna á EM í Austurríki tveimur árum síðar. Guðmundur stýrði Íslandi einnig á HM 2011, EM 2012 og Ólympíuleikunum 2012.

> Fyrsta stórmótið sem Guðmundur Þórður fór á var B-keppnin í Hollandi 1983 en þá var hann 22 ára gamall leikmaður Íslandsmeistara Víkings.

Árið 2014 tók Guðmundur við danska landsliðinu af Ulrik Wilbæk. Hann stýrði Dönum á tveimur heimsmeistaramótum, einu Evrópumóti og svo á Ólympíuleikunum 2016 í Ríó þar sem danska liðið stóð uppi sem sigurvegari.

Guðmundur hætti með danska liðið eftir HM 2017 og tók því næst við Barein. Hann stýrði Bareinum á Asíuleikunum 2018 þar sem liðið vann til silfurverðlauna og tryggði sér í leiðinni sæti á HM 2019. Guðmundur afrekaði það að koma tveimur liðum á HM á næsta ári sem fer fram í Danmörku og Þýskalandi. Dregið verður í riðla í Kaupmannahöfn 25. júní næstkomandi. – **iþs**


Guðmundur Þ. Guðmundsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í handbolta, gefur leikmönnum sínum skipanir af hliðarlínunni. Fréttablaðið/Þórsteinn

## 1 DAGUR í HM



**Hannes Þór Halldórsson**

**Aldur:** 34
**Staða:** Markvörður
**Félag:** Randers
**Landsleikir:** 49

## Gestgjafarnir fara vel af stað

**FÓTBOLTI** Heimsmeistaramótið í knattspyrnu karla hófst í gær með leik Rússlands og Sádi-Arabíu á Luzhniki-leikvanginum í Moskvu. Opnunarleikur mótsins var leikur á milli þeirra liða sem eru neðst eru á styrkleikalista FIFA af þeim liðum sem taka þátt í mótinu að þessu sinni.

Rússar fóru með sigur af hólmi í leiknum með fimm mörkum gegn engu. Það voru Yuri Gazinskiy, Denis Cheryshev og Artem Dzyuba sem skoruðu mörk Rússlands í leiknum.

Cheryshev skoraði tvö marka rússneska liðsins, en hann hafði nýkomið inn á sem varamaður fyrir Alan Dzagoev sem þurfti að yfirgefa völlinn vegna meiðsla þegar hann skoraði fyrra markið og kórónaði góða innkomu sína með glæsilegu marki undir lok leiksins.

Rússar bættu 68 ára gamalt met með þessum sigri, en þetta er stærsti sigur í upphafsleik HM síðan Brasilía lagði Mexíkó að velli með fjórum mörkum gegn engu í Úrúgvæ árið 1950.

Rússland og Sádi-Arabía eru í A-riðli mótsins með Egyptalandi og Úrúgvæ sem mætast í hádeginu í dag. Einnig verður leikið í B-riðli mótsins í dag, en Marokkó og Íran leiða saman hesta sína klukkan 15.00 og nágrannaliðin Spánn og Portúgal etja kappi klukkan 18.00.



Spánverjar mæta þar til leiks með nýtt þjálfarateymi, en Fernando Hierro og Albert Celades tóku við liðinu á miðvikudaginn eftir að Julen Lopetegui var látinn taka pokann sinn í upphafi vikunnar. Lopetegui samdi við Real Madrid án þess að láta forráðamenn spænska knattspyrnusambandsins vita og þau vinnubrögð voru banabiti hans í starfi hjá spænska liðinu. – **hó**

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**KA - Stjarnan 1-2**
0-1 Þorsteinn Már Ragnarsson (59.), 1-1 Ásgeir Sigurgeirsson (65.), 1-2 Hilmar Árni Halldórsson (76.).

**FH - Víkingur 3-0**
1-0 Steven Lennon (15.), 2-0 Jónatan Ingi Jónsson (23.), 3-0 Jónatan Ingi Jónsson (70.).

**Keflavík - KR 0-4**
0-1 Björgvin Stefánsson (1.), 0-2 André Bjerregaard (5.), 0-3 Pablo Punyed (36.), 0-4 Pálmi Rafn Pálmason (73.).

**Fjölnir - Grindavík 0-1**
0-1 Sam Hewson (85.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 18 | Fylkir | 11 |
| Breiðablik | 17 | Víkingur | 9 |
| Grindavík | 17 | Fjölnir | 9 |
| Stjarnan | 16 | KA | 8 |
| FH | 16 | ÍBV | 8 |
| KR | 13 | Keflavík | 3 |

# Fólk
## Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 15. JÚNÍ 2018




# Að fara heim

Listakonan Kathy Clark stendur fyrir verkefninu „Leiðin heim“ á Listahátíð í Reykjavík. Þar er reynt að túlka hvað felst í því að fara heim, bæði í gegnum listsýningar og ferðalag gluggagalleríss.

Kathy Clark listakona fyrir utan einn sýningargluggann en þeir standa víðsvegar um borgina. MYND/ÞORSTEINN SIG






Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Kathy Clark er listakona sem býr á Íslandi og rekur listagalleríið Wind and Weather Window Gallery á Hverfisgötu 37. Hún tekur þátt í Listahátíð Reykjavíkur í ár með verkefninu „Leiðin heim“, sem snýst um að setja upp listsýningar í gluggum víðsvegar um miðbæinn svo áhugasamir geti gengið um og notið listarinnar án þess að fara inn á listagallerí. Þema sýninganna er hvað felst í ferðalagi heim og einn sýningarglugganna er sjálfur á ferðalagi um bæinn, en hann kallast Dragsúgur og er listaverkefni í sjálfum sér.

## Vildi deila list og lífga upp á götuna

„Ég kem upphaflega frá Chicago en bjó lengi í San Francisco, þar sem ég kynntist eiginmanni mínum, sem er Íslendingur. Við fluttum svo með syni okkar til Íslands fyrir 13 árum,“ segir Kathy. „Ég er með meistaragráðu frá San Francisco Art Institute í að setja upp listsýningar og vinn sem listakona.

Eftir að við fluttum til Íslands fór ég að vinna í stúdíóinu mínu á Hverfisgötu. Þar eru þrír stórir gluggar og fyrir fimm árum ákvað ég að nýta einn af þeim til að leyfa listamönnum að setja upp listsýningar,“ segir Kathy. „Hugmyndin er að leyfa vegfarendum og almenningi að njóta listsýninga, en ekki bara þeim sem hafa áhuga á list og heimsækja söfn. Þetta gerir mér kleift að hitta listamenn, deila list og menningu með samfélaginu og gera eitthvað skemmtilegt fyrir götuna.“

## List snýst um túlkun áhorfandans

„Mig hefur alltaf langað til að setja upp gangandi skoðunarferð um gluggagallerí, þar sem listamenn sýna listsköpun sína í gluggum í miðbænum og gestir geta gengið um og skoðað,“ segir Kathy. „Vigdís Jakobsdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar, var hrifin af hugmyndinni, svo ég leitaði til Annabelle von Girsewald, sem er sérfræðingur í að setja upp listsýningar, og hún tók að sér að setja sýninguna upp með mér.

Við fengum 13 glugga í miðbænum og 13 innlenda og erlenda listamenn sem búa hér á landi til að setja upp sýningar og völdum glugga sem passa við hvert efni,“ segir Kathy. „Þema sýninganna er „Leiðin heim“ og allir listamennirnir gefa sína túlkun á því hvað það þýðir í þeirra huga. Við viljum tjá hvað það þýðir að fara í ferðalag og fara heim og það er svo undir áhorfandanum komið að túlka fyrir sig hvað listamennirnir




Kathy og Ásdís Sif Gunnarsdóttir gjörningslistakonur. MYND/ÞÓRSTEINN

> „Mig hefur alltaf langað til að setja upp gluggagallerí, þar sem listamenn sýna listsköpun sína í gluggum í miðbænum.

eru að segja um það í list sinni.

Þetta getur snert fólk á mismunandi hátt og það er í rauninni það sem list snýst um, túlkun áhorfandans og áhrifin sem hún hefur á viðkomandi,“ segir Kathy. „Listamennirnir deila sínum hugmyndum og ná vonandi að túlka eitthvað sem skiptir flest fólk máli.

Við höfum haft ókeypis leiðsögn um alla gluggana frá Listasafni Reykjavíkur,“ segir Kathy. „Það verður farið af stað kl. 15 í dag, á morgun og hinn og alla dagana, nema á sunnudag, verða listamennirnir við sína glugga til að tala um listaverkin sín.“

## Túlka anda staða

„Fjórtándi glugginn er svo hreyfanlegur og heitir Dragsúgur. Hann er táknmynd fyrir anda staða. Við erum að segja að þessi staður hafi sinn anda og hann sé á ferðalagi,“ segir Kathy. „Dragsúgur er gluggagallerí sem hefur breyst í ferðagallerí af því það langar að upplifa að ganga um eins og mannvera. Dragsúgur er í raun hliðarsjálf glugga í galleríinu mínu og nákvæm eftirmynd hans.

Dragsúgur var fyrst við galleríið mitt á Hverfisgötu og þar settu Egill Snæbjörnsson og Ívar Glói upp listsýninguna „The Espresso Bar“, sem var starfhæfur espresso-kaffibar. Sú sýning fór svo með Dragsúgi yfir á Austurvöll,“ segir Kathy. „Núna er Dragsúgur kominn að Hallgrímskirkju og þar settu Styrmir Örn Guðmundsson og Agata Mickiewicz upp sýningu sem kallast „The Night Station“. Dragsúgur færir sig og þessa sýningu svo yfir á Bernhöftstorfuna í dag.“

## Skrásetja upplifun Dragsúgs

„Í dag og á morgun stöndum við svo fyrir ýmsum gjörningum frá ólíkum listamönnum. Það er hægt að fá upplýsingar um þá á heimasíðu Listahátíðarinnar,“ segir Kathy. „Dragsúgur kemur síðan heim á Hverfisgötuna 21. júní og tekur þá „The Night Station“ með sér.

Svo höfum við sagnaritara, eða það sem við köllum „Chronicler“, sem sér um að skrá og tjá upplifun Dragsúgs af ferðalaginu,“ segir Kathy. „Hún skráir þetta í ljóðum og texta og ræðir við fólk um anda staða. Sagnaritarinn er hvítklæddur og fylgir Dragsúgi, en það er Erin Honeycutt sem bregður sér í hlutverkið. Hún byrjar svo með listsýningu sem heitir „Windows open“ í dag klukkan 15, en sú sýning er eftir hana og mig og fjallar um það sem Dragsúgur hefur séð.

Í framtíðinni gæti vel verið að Dragsúgur haldi ferðalagi sínu áfram og fari bæði út á land og jafnvel til annarra landa. Skrásetjarinn heldur áfram að skrá upplifun Dragsúgs af ferðunum og vonandi getum við haldið sýningunni með Dragsúgi og skrásetjaranum síðar,“ segir Kathy. „Við viljum halda fleiri sýningar og gjörninga. Þetta er bara byrjunin.“

Nánari upplýsingar er hægt að fá á vefsíðunum www.listahatid.is/about-journey-to-home, www.windandweather.is og á Facebook síðu gallerísins, Dragsúgur - Wind and Weather Gallery.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |




**Nicorette Classic/Freshmint/Fruitmint/Whitemint lyfjatyggigúmmí** (innihalda nikótín) eru notuð við tóbaksfíkn hjá einstaklingum eldri en 15 ára. Þau draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðvelda reykingafólki að venja sig af tóbaki. Það er tuggið hægt í um 30 mín. og látið liggja í munni þess á milli. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.




www.evy.is | Fjöldi landsliða notar EVY sólarvörn.
Fæst í Apótekum, Hagkaup, Nettó, Fríhöfninni og víðar.
VOLVO OCEAN RACE
BÄST-i-TEST.se

# Syngur í eldhúsinu

Þegar Ragna Björg Ársælsdóttir hjúkrunarfræðingur er ekki á vakt á bráðamóttökunni notar hún tímann til að galdra fram girnilega rétti. Ragna syngur oft við eldamennskuna og hefur sungið bakraddir á mörgum tónleikum og viðburðum.



Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is

Ragna hefur mikinn áhuga á matargerð og hefur síðustu átta ár haldið úti skemmtilegri matarbloggsíðu. „Ég hef alltaf verið dugleg að elda og þar sem ég var oft beðin um uppskriftir fannst mér bloggið góð leið til að deila þeim með öðrum. Á þessum tíma var matarblogg að ryðja sér til rúms, ekki síst erlendis. Ég deili uppskriftum að réttum sem ég elda sjálf heima hjá mér og legg áherslu á að hráefnið fáist í næstu búð, sé á hagstæðu verði og matseldin ekki flókin,“ segir Ragna, sem á ekki langt að sækja þennan áhuga.

„Mamma er kokkur og ég var mikið með henni í eldhúsinu þegar ég var yngri. Um sextán ára aldurinn fékk ég sumarvinnu á Halldórskaffi í Vík í Mýrdal, þaðan sem ég er. Ég hafði umsjón með kökubakstri þrjú sumur í röð. Þaðan lá svo leiðin yfir á Hótel Höfðabrekku en þar var ég yfir eldhúsinu,“ rifjar Ragna upp.

Hún ákvað þó að leggja matreiðslu ekki fyrir sig heldur lærði hjúkrunarfræði. „Mamma benti mér á að starf kokka er ekki sérlega fjölskylduvænt, því fylgir t.a.m. mikil kvöld- og helgarvinna. Ég vinn á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi, vaktirnar eru þrískiptar og því fylgir töluverður sveigjanleiki,“ segir Ragna og bætir við að hjúkrunarfræðingar og kokkar eigi það sameiginlegt að þurfa að skipuleggja sig vel í starfi, forgangsraða og oft sé handagangur í öskjunni en að lokinni hverri vakt taki ávallt einhver við keflinu.



Ragna heldur úti skemmtilegu matarbloggi. MYND/ÞORSTEINN SIG

## Innblástur frá veitingastöðum

Þegar Ragna er spurð hvar hún fái hugmyndir að nýjum réttum segist hún helst sækja innblástur frá veitingastöðum. „Ég skoða líka matarblogg og Facebook-síður þar sem matur er í aðalhlutverki. Svo horfi ég á matreiðsluþætti og Ina Garten er þar í mestu uppáhaldi hjá mér, hún er algjört gull. Ég hef gaman af kvikmyndum um mat og fer í bíó til að sjá þær. Svo skrifa ég hjá mér hugmyndir og vinn úr þeim. Oft finn ég leiðir til að gera réttina auðveldari og ódýrari,“ segir hún.

Ragna er í sambúð og á tvö börn, tveggja og fimm ára, og á virkum dögum miðast matreiðslan við einfaldleika og stuttan tíma. „Ég nota helgarnar fyrir meiri eldamennsku og hef gaman af því að fá gesti í mat. Þá elda ég eitthvað flóknara og legg mikinn metnað í eftirréttina. Ég er sérlega hrifin af þema-matarboðum, svo sem indversku, marokkósku eða afrísku, og finnst ótrúlega spennandi að skoða uppskriftir og para saman forrétt, aðalrétt og meðlæti og eftirrétt og jafnvel vínið með matnum líka,“ segir hún.

## Ræktar eigin kryddjurtir

Ragna er með gróðurhús í garðinum sínum þar sem hún ræktar ferskar kryddjurtir og kál sem hún notar mikið í eldhúsinu. „Ég er mjög hrifin af ferskum kryddjurtum og rækta þær á sumrin. Ég sái fyrir þeim og forrækta í bökkum í gluggum um allt hús og set svo hluta út í garð eða gróðurhús. Svo rækta ég líka kál og sái jafnóðum fyrir því. Mér finnst dásamlegt að nota kryddjurtirnar og kálið sem ég rækta í matargerðina og sumarið er mín uppáhaldsárstíð.“

Ragna hafði í nógu að snúast í vetur og hafði ekki mikinn tíma til að sinna matarblogginu. Hún var í 80% vinnu á bráðamóttökunni, í MPM-námi í verkefnastjórnun í HR og söng bakraddir á mörgum tónleikum og sýningum, svo sem Halloween Horror Show og Moulin Rouge. Ragna ætlar að nota sumarið vel og prófa sig áfram í matseld en hér gefur hún uppskrift að helgarpitsunni.

> ” Ég er sérlega hrifin af þema-matarboðum, svo sem indversku, marokkósku eða afrísku, og finnst ótrúlega spennandi að skoða uppskriftir og para saman forrétt, aðalrétt og meðlæti og eftirrétt og jafnvel vínið með matnum.
>
> Ragna Björg Ársælsdóttir

Fylgjast má með Rögnu á www.ragna.is og www.instagram.com/ragnab

## Stökk og ljúffeng pitsa

Ragna segir pitsudeigið líkt því sem gerist best á veitingahúsum. Galdurinn er að gera deigið með tveggja daga fyrirvara og láta það hefast í ísskáp og fletja það svo út með höndunum.

### Pitsudeig

**4,5 bollar hveiti, helst blátt Kornax brauðhveiti**
**1 ¾ tsk. salt**
**1 tsk. ger**
**2 bollar vatn, iskalt**
**Ólífuolía**
**Pitsusósa**
**Álegg að eigin vali**
**Rifinn ostur**
**Nýmalaður pipar**

Setjið allt nema ólífuolíu saman í skál og hnoðið í 7-8 mín. Deigið má vera örlítið klístrað en ekki þannig að það festist við fingurna og það á að vera vel teygjanlegt. Skiptið deiginu í jafnar kúlur, veltið þeim aðeins upp úr ólífuolíu og setjið á bakka sem hægt er að loka. Geymið í ísskáp í tvo daga. Miðað er við að 9" pítsa sé um 180-190 g og 12" pítsa um 340 g. Deigið geymist í allt að fjóra daga í kæli. Takið deigið úr kæli þremur tímum fyrir bakstur. Veltið hverri kúlu upp úr hveiti, báðum megin. Togið deigið til og mótið það en haldið kantinum þykkum. Kastið deiginu upp í loft þar til það hefur flest út í fallegan hring. Lagið til eins og þörf er á. Setjið pitsusósu á botninn, dreifið osti yfir og raðið áleggi á hann, að smekk, dreifið örlítlu af osti yfir áleggið og stráið nýmöluðum pipar yfir. Bakið við háan hita í bakarofni. Setjið plötuna neðst í ofninn svo botninn verði stökkur. Bakið þar til osturinn hefur bráðnað og botninn er bakaður í gegn.

Athugið að hægt er að frysta deigið. Setjið það í box eftir að hafa velt því upp úr ólífuolíu og setjið í frysti. Þíðið deigið við stofuhita og látið síðan lyfta sér í kæli í tvo daga fyrir bakstur.



Pitsubotninn er bragðmikill og stökkur. Best er að gera hann með tveggja daga fyrirvara.





Gyða Dan Johansen, einn eigenda Emmessíss, og Þorsteinn Már sölumaður með afmælisbarnið síunga og gómsæta, sjálfan Hnetutoppinn, sem stendur á fimmtugu á sunnudag. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Hnetutoppur fimmtugur 17. júní

**Ár Hnetutoppsins hefst á sjálfan þjóðhátíðardaginn 17. júní. Þá verður liðin hálf öld síðan Íslendingar komust fyrst á bragðið af þessum allra vinsælasta ís Emmessíss.**

Hnetutoppur var fyrst boðinn landsmönnum í hátíðahöldunum 17. júní 1968 og á hann því stórafmæli á þjóðhátíðardaginn á sunnudag," segir Gyða Dan Johansen, einn eigenda Emmessíss.

Þar er fimmtugasta afmælisári Hnetutoppsins gert hátt undir höfði og nefnt Ár Hnetutoppsins.

„Eftir hálfa öld er Hnetutoppur enn langvinsælasti ís Emmessíss og í tilefni fimmtugsafmælis hans ákváðum við að endurhanna allar umbúðir á boxísnum okkar og dregur hönnunin að sjálfsögðu mið af aðaltoppnum því toppar í anda Hnetutoppsins prýða ísboxin til heiðurs afmælisbarninu," upplýsir Gyða stolt af afmælisbarninu.

### Uppskrift frá 1968

Hnetutoppur er dýrindis rjómaís í stökku vöffluformi með heslihnetukurli og súkkulaðihjúp.

„Hnetutoppur hefur ávallt verið framleiddur eins. Hann er eins og okkar Prins Póló og við hróflum ekki við neinu. Uppskriftin er því sú sama og árið 1968 og hann fellur enn mjög í kramið hjá landsmönnum, jafnt ungum sem öldnum. Íslendingar einfaldlega elska Hnetutoppinn eins og hann hefur verið í fimmtíu ár og það er sannarlega viðeigandi að fá sér Hnetutopp á þjóðhátíðardaginn, sem og aðra daga," segir Gyða í hátíðarskapi.

### Bananatoppurinn mættur

Sérstakur og óvæntur afmælisgestur í fimmtugsafmæli Hnetutoppsins er Bananatoppurinn sem hefur ekki sést á markaði í átta ár.

„Viðtökur við Bananatoppnum eru stórkostlegar enda höfðum við verið undir miklum þrýstingi að hefja framleiðslu á honum aftur. Hann er vitaskuld enn í sínum landsþekkta silfraða toppbúningi og hefur í engu breyst, frekar en Hnetutoppurinn sem heldur sínum alkunna og glæsta sjöunda áratugar búningi sem hann birtist í þegar hann kom fyrst á markað árið 1968," segir Gyða og er með á hreinu hvers vegna Íslendingar velja sér Hnetutopp fram yfir annan ís.

„Töfrarnir felast í hárréttri samsetningu gæðahráefnis. Hnetutoppur hefur ætíð staðið fyrir sínu og heldur sínu striki sem langvinsælasti ísinn frá Emmessís, sama hvaða nýjungar hafa litið dagsins ljós. Hnetutoppur er einfaldlega aðaltoppurinn," segir Gyða.





Fimmtugur og flottur er hann, Hnetutoppurinn.

### Ísfjölskylda í afmælisfötum

Frá árinu 2007 hefur Emmessís verið aðskilinn frá Mjólkursamsölunni og er nú í einkaeigu. Þar starfa 32 starfsmenn við framleiðslu og dreifingu á landsþekktum ístegundum sem glatt hafa munn og maga Íslendinga í áratugi.

„Emmessís hefur frá fyrstu tíð framleitt gæðarjómaís. Við kaupum ekta rjóma frá íslenskum bændum og leitumst við að nota íslenska hrávöru í ísgerðina, því gæðin eru þar. Það er auðvitað ögrandi verkefni þar sem aðalkeppinautar okkar nota innflutt hráefni og sívaxandi aukning er á fullbúnum innfluttum ís," segir Gyða.

Auk vinsælla toppa Emmessíss fást fjórar tegundir rjómaíss í boxum í frystum stórmarkaða og setja punkt yfir i-ið við öll tilefni lífsins. Hann fæst í fjórum bragðtegundum: vanillu, súkkulaði, Daim og brúnköku.

„Á ári Hnetutoppsins þótti okkur viðeigandi að allir meðlimir Emmessíss-fjölskyldunnar væru í Toppbúningi honum til heiðurs. Heimilispakkningar Toppanna, sem og rjómaís í boxum fengu því afmælisútlit en hugmyndahönnun var í höndum Daníels og Harðar hjá Döðlum, sem sóttu innblástur við hönnun sína til sjálfs Hnetutoppsins," upplýsir Gyða.





Rjómaís í boxum frá Emmessís er kominn í afmælisbúning til heiðurs Hnetutoppnum sem nú stendur á fimmtugu.





Nú er hægt að fá dýrindis Hnetutopp í heimilispakkningu.

Hnetutoppur og Emmess-rjómaís fást í öllum verslunum. Sjá nánar á emmessis.is

# Getur pillan valdið depurð?

**Samkvæmt víðtækri sænskri rannsókn geta stúlkur sem byrja að taka inn p-pilluna eða aðrar hormónagetnaðarvarnir á unglingsárum fundið fyrir þunglyndi eða depurð og eru í meiri hættu á að fá einhvers konar geðraskanir.**



Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Táningsstúlkur sem taka inn hormónagetnaðarvörn gætu fundið fyrir depurð eða öðrum geðröskunum samkvæmt nýrri sænskri rannsókn.

Vísindamenn hafa hingað til ekki getað staðhæft að hormónatengd getnaðarvarnarlyf geti valdið geðröskunum en þessi sænska rannsókn er mjög víðtæk. Skoðaðar voru lyfjaskrár, læknaskýrslur, gagnagrunnur um sjúkratryggingar og vinnumarkaðsrannsóknir um 800 þúsund kvenna á aldrinum 12-30 ára.

## Kvarta undan depurð

Sofia Zettermark, sem er vísindamaður við háskólann í Lundi, var meðal rannsakenda. Hún segir að stúlkur á unglingsaldri sem nota p-pilluna eða önnur hormónatengd getnaðarvarnarlyf þurfi frekar svefn- eða þunglyndislyf en þær sem taka ekki inn slík lyf. Hjá yngstu stúlkunum voru greinileg tengsl á milli notkunar hormónatengdra getnaðarvarna og notkunar lyfja fyrir ýmsa andlega sjúkdóma á borð við hræðslu, óróa, kvíða, svefnvandamál og þunglyndi.

Á aldrinum 12-14 ára voru 4% stúlkna sem notuðu hormónatengd getnaðarvarnalyf. 1% í þessum aldursflokki notaði geðlyf án þess að vera á getnaðarvörn. Rannsókn sem gerð var í Noregi árið 2016 sýndi talsverða aukningu unglingsstúlkna sem þurfa á þunglyndislyfjum að halda og hefur sú tala hækkað mikið undanfarin tíu ár. Margar ungar konur hafa kvartað yfir því við lækna að þær finni fyrir þunglyndi eða depurð ef þær taka inn p-pilluna.

## Minni áhætta með aldrinum

Meðal kvenna sem hafa náð 20 ára aldri fundu vísindamenn ekki eins sterk tengsl. Í þessum hópi notuðu 3,7% kvennanna þunglyndislyf og sá fjöldi var ekki allur á hormónagetnaðarvörnum. Rannsóknin sýndi jafnframt að ólíkar tegundir getnaðarvarna með hormónum höfðu mismunandi áhrif. P-pillan var ekki endilega verst. Aðrir kostir eins og hormónalykkja og hormónahringur komu jafnvel verr út.

Sænska könnunin er ekki ósvipuð stórri rannsókn sem gerð var í Danmörku árið 2016. Læknar vilja ekki staðfesta að hormónagetnaðarvarnalyf geti haft þessi áhrif á unglingsstúlkur en vilja frekari rannsóknir. „Það er ekki hægt að hunsa þessa niðurstöðu,“ segir Steinar Madsen læknir, sem starfar hjá Lyfjastofnuninni í Noregi, í samtali við norska vefmiðilinn forskning.no. „Táningsstúlkur sem nota getnaðarvörn gætu mögulega verið í föstu ástarsambandi sem getur verið flókið og skapað vandamál. Það er erfitt að kortleggja mun á milli hópa eftir skrám. Annars er getnaðarvarnanotkun mjög lítil meðal unglingsstúlkna. Sumar nota p-pilluna eingöngu vegna slæmra tíðaverkja. Ef ungar stúlkur þurfa jafnframt á lyfjum að halda vegna ADHD, svefntruflana eða depurðar þá er það betri kostur en að þær yrðu barnshafandi. Gaman væri að skoða sérstaklega konur sem nota koparlykkju sem er ekki með hormón. Hins vegar væri það erfitt því koparlykkjur eru ekki skráðar í lyfseðilsskrá í Noregi. Við vitum að þúsundir kvenna nota hormónagetnaðarvörn án þess að finna nokkuð fyrir því.“

**» Niðurstöðurnar verða túlkaðar með varúð en gott væri að rannsaka málið frekar.**

## Niðurstöður teknar með varúð

Zettermark, sem einnig er læknir við Kiruna sjúkrahúsið, segir að rannsóknin sé ekki gerð til að hræða ungar konur frá því að nota hormónagetnaðarvörn. Það geta alltaf verið einhverjar undirliggjandi ástæður fyrir því að sumar konur þoli eitthvað sem aðrar gera ekki. Niðurstöðurnar verða túlkaðar með varúð en gott væri að rannsaka málið frekar.

Tilvísun:
S. Zettermark mf: Hormonal contraception increases the risk of psychotropic drug use in adolescent girls but not in adults: A pharmacoepidemiological study on 800 000 Swedish women.

TÍSKUDAGAR
EIN VARA: 10%
TVÆR VÖRUR: 15%
ÞRJÁR VÖRUR: 20%

Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX

# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



**ÓDÝR NÝR !**
Skoda Octavia Ambiente Diesel (NÝR 2018) Vel búinn, nokkrir litir í boða ! Okkar verð 3690 Þús ! (HEKLA 4290 Þús) Er á staðnum !

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

**LITLA bílasalan**
www.litla.is 587 7777



HARLEY DAVIDSON Touring Flhtci Electra Glide. Árgerð 2005, ekinn 24 Þ.KM, Verð 2.390.000. Á staðnum. Rnr.242235.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**Opið á laugardögum 12-15**
**www.litla.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 100-200þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Bátar

**VEIÐIPORTIÐ**



Pro marine slöngubátar 360 cm - 229.000 kr 420cm - 289.000 kr Besta verðið í bænum ! Nánar um bátana á veidiportid.is Veiðiportið Grandagarði 3 101 Reykjavik 552-9940

**VEIÐIPORTIÐ**



Bellybátur ,pumpa taska og sundfit Aðeins 24.900 kr Veiðiportið Grandagarði 3 552-9940

## Hjólbarðar

Til sölu nýleg jeppadekk 20R245/45 michelin. Dekkin þurfa að fara í dag, vegna flutninga, fara því á mjög góðu verði. Uppl. í s. 891 9460 Sigurður Þór

## Þjónusta

## Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Málarar

**GETUM BÆTT VIÐ OKKUR MÁLNINGARVINNU ÚTI.**
Vönduð vinnubrögð og mikil reynsla.
**Löggildur málarameistari**
**Jón og Marteinn Málningarþj.**
**S: 8611242**

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Glæsilegt hjólhýsi



**FENDT Tendenza 515 SG**
- Árgerð 2018
- Nýtt
- Flott verð
- Góð lán í boði

**Tilboð kr. 4.790.000.**
Rnr.105777.

BRAUT BÍLASALA
Bíldshöfða 3 • 110 Reykjavík
S. 587 6600 • www.bilabraut.is


**RÁÐGJÖF**
Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

**RÁÐNINGAR**
Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

**RANNSÓKNIR**
Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

## Önnur þjónusta



Parketslípun og Málun www. parketogmalun.is 25 ára reynsla. Parket og málarameistari að störfum. Júní tilboð: 2900 kr fm. 7728100

# Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

Ódýr íbúð til sölu/leigu á Skagaströnd. Uppl. S: 847 8446

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

Heimaás

**SMIÐUR / UPPSLÁTTUR**
Heimaás óskar eftir að ráða smiði í uppsláttarvinnu.

-Mæling/einingarverð

-Sveinspróf skilyrði

-Kranapróf kostur

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Skemmtanir




# Sérfræðingar í ráðningum

FAST ráðningar er öflug ráðninga- og ráðgjafaþjónusta sem leggur metnað í að vinna faglega og veita persónulega og góða þjónustu. Vönduð úrvinnsla upplýsinga og góð samskipti við umsækjendur eru lykilatriði. Okkar metnaður er reynsla og menntun, öflugur gagnagrunnur og gott tengslanet.

Við bjóðum uppá:
- Áralanga reynslu
- Öflugan gagnagrunn
- Mjög gott tengslanet
- Þolinmæði og þrautseigju
- Auga fyrir hæfileikum




lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar
www.fastradningar.is

## Þjónusta

